Nr. 20.
22.
maí.

# Lög

um

## innheimtu og meðferð á kirkna fje

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjett er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarefnd, vilji hún það að sjer taka, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði.

Hin sömu innheimtulaun getur söfnuður, sem tekið hefur að sjer umsjón og fjárhald kirkju, veitt sóknarnefndinni.

2. gr.

Gjöld til kirkju skal greiða í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá, sem gildir í hverri kirkjusókn á gjalddaga. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmanni þeim, er innheimtumaður tekur gildan, eða þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni. Eindagi á kirkjugjöldum er 31. desbr.

3. gr.

Frá næsta nýjári eptir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eptir nýjar. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á hjeraðsfundi. Nú álítur bæði hjeraðsprófastur og hjeraðsfundur reikning kirkju rjettan, er það þá fullnaðar-úrskurður, en greini prófast og hjeraðsfund á, leggur biskup á fullnaðar-úrskurð.

# Lov

om

## Indkrævning og Forvaltning af Kirkers Indtægter.

Nr. 20.
22de
Maj.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

En Kirkeværge har Ret til at overdrage vedkommende Sogneudvalg, saafremt dette er villigt dertil, at indkræve Kirkens Indtægter og omsætte dem i Penge imod 10 pCt. for Inkassationen.

En Menighed, der har overtaget Tilsyn med og Værgemaal for en Kirke, kan tilstaa Sogneudvalget det samme Vederlag for Inkassationen.

§ 2.

Afgifter til Kirker skulle erlægges i Penge efter den for hvert Kirkesogn paa Forfaldsdagen gjældende Kapitelstarts Middelpris. I Mangel af Penge kan Afgiften erlægges med Indskrift hos en Kjøbmand, der af Inkassator antages for gyldig, eller med følgende Naturalier: Faar, hvid Uld, Smør, Fisk eller Edderdun efter den i Kapitelstaxten paa hver enkelt af disse Varesorter fastsatte Pris. Forfaldsdagen for Afgifter til Kirken er hvert Aars 31te Decbr.

§ 3.

Naar nærværende Lov er traadt i Kraft og kommet til Udførelse, skal Kirkernes Regnskabsaar fra næste Nytaar at regne være Kalenderaaret. Kirkernes Regnskaber skulle affattes saa snart som muligt efter Nytaar.

Vedkommende Sognepræst, eller, saafremt han er Kirkens Værge, vedkommende Menigheds-Repræsentant har først at gjennemgaa Regnskabet og konferere det med Reps- og Kirkeprotokollerne, for hvilken Undersøgelse af Regnskabet der kan betales 2 Kr. af Kirkens Indtægter. Inden Slutningen af Majmaaned skulle Kirkeregnskaberne med de fornødne Bilag være komne vedkommende Herredsprovst ihænde, der gjennemgaar dem og derefter fremlægger dem paa Herredsmødet. Finder Herredsprovsten og Herredsmødet Regnskabet rigtigt, gjælder en saadan Godkjendelse som endelig Decision, medens Regnskabet i Tilfælde af Uoverensstemmelse mellem Provsten og Herredsmødet endelig decideres af Biskoppen.

Nr. 20. 22. maí.

4. gr.

Stofna skal almennan kirkjusjóð og skal hver kirkja hafa sína viðskipta-bók við sjóðinn. Stiptsyfirvöld Íslands hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fje kirkjusjóðs skal ávaxta eptir sömu reglum og landssjóðsfje. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíð., deildinni B, ár hvert.

5. gr.

Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara, að halda eptir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni.

Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt með helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum.

Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð $^1/_{15}$ á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sje kirkja afhent skal greiða sjóðinn allan af hendi.

6. gr.

Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum.

7. gr.

Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 22. maí 1890.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 4.

Der skal oprettes et almindeligt Kirkefond, med hvilket enhver Kirke skal have sin Kontrabog. Islands Stiftsøvrighed fører Tilsyn med og er ansvarlig for Fondet, hvis Kapital skal forrentes efter de samme Regler som Landskassens Midler, og af hvilket Kirker ere fortrinsberettigede til at erholde Laan.

Fondets Regnskaber blive at offentliggjøre aarlig i Regjeringstidendens Afdeling B.

§ 5.

Kirkernes samtlige beholdne Midler skulle indsættes til Forrentning i det almindelige Kirkefond, og de aarlige Renter lægges til Kapitalen. Regnskabsføreren har dog Ret til at tilbageholde 100 Kr. af vedkommende Kirkes Indtægter uden deraf at svare Rente. Ligeledes skulle Kirkerne betale Renter af, hvad de have tillaans.

Dog bortfalde de Renter, som ikke kunne betales med Halvdelen af Kirkens aarlige beholdne Indtægter.

De Kirkerne ved nærværende Lovs Ikrafttræden tilhørende Portioner skulle, saafremt vedkommende Kirke ikke behøver Portionen til Reparation eller Gjenopførelse, af vedkommende Indehavere indbetales i det almindelige Kirkefond med en Femtendedel aarlig, indtil hele Kirkeportionen er indbetalt. Naar en Kirke afleveres, skal hele Portionen udbetales.

§ 6.

Naar en Kirkeværge, der har havt Værgemaal og Ansvar for en Kirke og ydet den Laan, opgiver Værgemaalet eller dør, skal han eller hans Arvinger have Krav paa at faa sit Tilgodehavende betalt af Kirkens Indtægter, efter Fradrag af de nødvendige aarlige Udgifter.

§ 7.

Nærværende Lovs Bestemmelser omfatte ikke Proprietærkirker, medmindre vedkommende Kirkeejer giver sit Samtykke dertil.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22de Maj 1890.**

**Under Vor kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*